

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS

frá 5. apríl 1989

um breytingu á ákvörðun 87/499/EBE varðandi áætlun bandalagsins um samskiptanet fyrir tölvuvædd gagnaskiptakerfi í viðskiptum (TEDIS)**(89/241/EBE)**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 235. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Með ákvörðun 87/499/EBE ⁽⁴⁾ ákvað ráðið að hrinda af stað bandalagsáætlun um samskiptanet fyrir tölvuvædd gagnaskiptakerfi í viðskiptum (TEDIS) fyrir viðskipti, iðnað og stjórnun. Þessi áætlun tekur til aðgerða og rannsókna sem eiga að koma í veg fyrir ósamhæfni mismunandi tölvuvæddra gagnaskiptakerfa í viðskiptum vegna vöntunar á sameiginlegum stöðlum.

Tiltekin þriðju lönd, einkum lönd sem eiga aðild að Fríverslunarsamtökum Evrópu, taka virkan þátt í að setja evrópska og alþjóðlega staðla á þessu sviði og hafa þau látið í ljós áhuga á að tengjast TEDIS-áætluninni.

Það er í þágu bandalagsins að sneiða hjá nýjum hindrunum í viðskiptum við þessi lönd á þessu sviði og að stuðla að samræmdri þróun tölvuvæddra gagnaskiptakerfa í viðskiptum í Evrópu.

Því ber að gera samkomulag þar að lútandi við hlutaðeigandi þriðju lönd.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. C 273, 22. 10. 1988, bls. 3.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. C 69, 20. 3. 1989.

⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. C 56, 6. 3. 1989, bls. 51.

⁽⁴⁾ Stjttíð. EB nr. L 285, 8. 10. 1987, bls. 35.

Í sáttmálanum er ekki kveðið á um aðrar heimildir varðandi þessar aðgerðir en þær sem um getur í 235. gr.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á ákvörðun 87/499/EBE:

1) Í stað orðanna „sem hafa staðfestu í bandalaginu“ í 5. gr. komi „sem hafa staðfestu í bandalaginu eða þriðja landi sem bandalagið hefur gert samkomulag við um að tengist áætluninni“.

2) Eftirfarandi grein bætist við:

„5. gr. a

Í samræmi við 228. gr. sáttmálans getur bandalagið gert samkomulag við þriðju lönd, einkum löndin sem eiga aðild að Fríverslunarsamtökum Evrópu, með það fyrir augum að tengja þau áætluninni að fullu eða að hluta til.

Frankvæmdastjórninni er veitt umboð til að annast samninga varðandi þetta samkomulag.“

2. gr.

Þessi ákvörðun öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*.

Gjört í Lúxemborg 5. apríl 1989.

Fyrir hönd ráðsins,

M. CHAVES GONZALEZ

forseti.